

SAMÞYKKT

um gerð og staðsetningu skilta í Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og staðsetning.

1. gr.

Að hafa stjórn á stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með orðunum auglýsing og skilti og öðrum samsvarandi orðum er í reglum þessum átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk, hreyfanleg eða föst, sem komið er fyrir til lengri eða skemmri tíma á einkalóðum, opinberum svæðum eða mannvirkjum, hvort sem er á spjöldum, borðum eða máluð á húsveggi eða með öðrum sambærilegum tilfæringum og ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar, hvort sem er á viðkomandi stað eða annars staðar.

3. gr.

Staðsetning.

Skilti einkaaðila skulu staðsett innan lóðamarka eigandans nema í sérstökum undantekningum, t.d. skilti með upplýsingum um bifreiðastæði. Við staðsetningu skal þess gætt að þau gangi ekki á rétt nágrannans. Gæta skal þess að þau skapi ekki slyshættu. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti og/eða auglýsingu fyrir. Einnig skulu þau uppfylla kröfur í 72. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

II. KAFLI

Umsóknir og leyfisveitingar.

4. gr.

Umsóknir.

Hver sá sem óskar leyfis til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa.

Hverri umsókn skal fylgja:

Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltisins.

Heimilisfang þ.e.a.s. hvar skiltið á að vera.

Málsett afstöðumynd skiltis, útlitsteikningar og sneiðingar ef með þarf (ef skilti skagar fram) auk texta sem á að vera á skiltinu sem og aðrar upplýsingar sem eru taldar nauðsynlegar.

Ljósmynd af þeim vegg sem skiltinu skal komið fyrir á eða því svæði þar sem það skal festast niður.

Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis (t.d. veltiskilti, ljósaskilti o.s.frv). Nafn og heimilisfang þess sem setur upp skiltið.

Undirritað samþykki annarra lóðareigenda ef fleiri eru en einn.

5. gr.

Leyfisveitingar.

Byggingarfulltrúa ber innan þrjátíu daga frá dagsetningu umsóknar annaðhvort að afgreiða hana eða ef umsóknin er ófullnægjandi vekja athygli umsækjenda á því sem ábótavant er. Vafaatriðum varðandi leyfisveitingar má vísa til byggingarnefndar. Umsækjandi um skilti getur einnig áfrýjað til nefndarinnar ef hann telur úrskurð byggingarfulltrúa ekki réttmætan. Bráðabirgðaskilti er ekki heimilt að setja upp fyrir en 8 vikum fyrir viðburð og þau skal taka niður eigi seinna en viku eftir hann. Leyfisgjald skal fara eftir gr. 27 í byggingarreglugerð. Ef umsækjandi um leyfi fyrir skilti greiðir ekki leyfisgjald eða sækir ekki leyfið innan 12 mánaða frá veitingu þess fellur það úr gildi. Leggja verður fram ný skjöl ef leyfis er óskað á ný.

6. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með skiltum og leyfum fyrir þeim verði í höndum byggingarfulltrúa í umboði byggingarnefndar.

7. gr.

Eldri skilti.

Byggingarfulltrúi getur krafist að eldri skilti sem sett hafa verið upp án leyfis, verði fjarlægð án fyrirvara, ef ætla má að þau hafi verulega truflandi áhrif á umferð eða valdi umhverfisspjöllum.

III. KAFLI

Refsi- og gildistökuákvæði.

8. gr.

Refsiákvæði.

Verði tilmælum byggingarfulltrúa ekki sinnt getur byggingarnefnd beitt ákvæðum II. kafla byggingarreglugerðar.

9. gr.

Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 staðfestist hér með samkvæmt 6. mgr. sömu greinar til þess að gilda innan lögsögu Akraneskaupstaðar. Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. nóvember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.